# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 750/2008 (REACH).

## 1. Söluheiti efnis eða vörutegundar og notkun. Upplýsingar um seljanda, gerð öryggisblaða, útgáfudag og neyðarsímanúmer.

*Söluheiti vöru:* **CS-90 COPPER ANTI-SEIZE GREASE WITH GRAPHITE COMPOUND**

*Vörunúmer:* -

*Notkun:* Smurefni og tæringar- og festivörn fyrir festingar á útblástursshlutum, kötlum og hemlahlutum.

*Fyrirtæki:* SINDRI, Bæjarhraun 12 Hafnarfjörður, Viðarhöfði 6 Reykjavík, sími 575 0000 www.sindri.is

*Tengiliður:* sindri@sindri.is

*Gerð öryggisblaða:* EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, http://efnavernd.is

*Útgáfudagsetning:* 11.04.2012

*Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla:* sími 112

*Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík:* sími 543 2222

## 2. Hættugreining.

*Fólk:* Varan er ekki flokkuð hættuleg heilsu skv. gildandi reglum.

*Umhverfi:* Varan er ekki flokkuð hættuleg umhverfinu skv. gildandi reglum.

## 3. Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni.

| *CAS-nr.:* | *EB-nr.:* | *Efnaheiti:* | *Magn %:* | *Hættuflokkun:* |
|---|---|---|---|---|
| - | - | Jarðolíueimi | - | - |
| - | - | Kopar | - | - |
| - | - | Grafít | - | - |
| - | - | Þykkingarefni/sápa | - | - |
| - | - | Tæringarvarnarefni | - | - |

Varan inniheldur engin hættuflokkuð efni í því magni að skylt sé að varúðarmerkja vöruna.

***Varnaðarmerkingar - sjá lið 15.*** *Texti hættusetninga - sjá lið 16.*

## 4. Skyndihjálp.

*Almennt:* Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi fæðu eða vökva.

*Áhrif, eitrunareinkenni:* Sjá kafla 11.

*Við innöndun:* Tryggið hreint loft og hvíld á hlýjum stað. Veitið öndunarhjálp ef slasaði á erfitt með öndun eða hún hefur stöðvast. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal leggja hann í læsta hliðarstellingu og tryggja að öndunarvegir séu opnir og leita læknis.

*Snerting við húð:* Fjarlægið föt sem mengast hafa af efninu og þvoið húðina vel með vatni og sápu eða notið húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynni. Leitið læknis

ef óþægindi eru viðvarandi.

*Snerting við augu:* Fjarlægið snertilinsur ef við á. Skolið vel með nægu vatni í a.m.k. 10 mínútur með augað vel opið. Leitið læknis.

*Við inntöku:* Leitið strax læknis. Framkallið EKKI uppköst. Látið slasaða hvílast.

*Uppl. f. heilbrigðisstarfsfólk:*
-

## 5. Viðbrögð við eldsvoða.

*Viðbrögð:* Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða.

*Slökkviefni/búnaður:* Heppileg slökkviefni eru alkohólþolin froða, þurrefni, kolsýra eða vatnsúði.

*Notið ekki (efni, búnað):* Notið ekki háþrýsta vatnssprautu.

*Hlífðarbúnaður:* Notið viðeigandi hlífðarbúnað og öndunartæki við slökkvistörf.

*Sérstök hætta:* Við bruna myndast hættulegur, þéttur, dökkur reykur. Hindrið að vatn og önnur efni sem notuð eru við slökkvistörf berist í niðurföll. Notið þvotta- eða hreingerningarefni við þrif. Forðist að nota leysiefni.

## 6. Efnaleki.

*Varúðarráðstafanir:* Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju. Farið eftir upplýsingum um meðhöndlun og persónuhlífar í liðum 7 og 8.

*Umhverfið:* Hindrið að efnið berist í niðurföll. Ef efnið berst í niðurföll eða vatn í umhverfinu þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

*Hreinsun:* Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar.

## 7. Meðhöndlun og geymsla.

*Meðhöndlun:* Notið ekki á vélar sem eru í gangi. Forðist snertingu við húð og augu. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun eða annarri meðhöndlun stendur. Lesið notkunarleiðbeiningar á hverri einingu.

*Geymsla:* Geymið við hita undir 50°C. Geymist á vel loftræstum stað fjarri opnum eldi, hita- og neistagjöfum. Reykingar bannaðar. Geymið aðskilið frá sterkum oxunarmiðlum, sterkum sýrum og sterkum bösum.

## 8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar.

*Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (ÞG) = þakgildi):*

Olíuþoka, (olíuúði): (MG) 1 mg/m$^3$

*Tæknilegar aðgerðir:* Engar sérstakar aðgerðir eða aðstæður eru nauðsynlegar ef efnið er borið á með bursta eða dýfingu.

*Persónuhlífar;*

*Öndunartæki:* Ekki nauðsynleg við venjulegar aðstæður. Notið fersklofttstæki við úðun ef ekki er hægt að koma í veg fyrir mengun yfir mengunarmörkum.

*Fyrir augu:* Notið viðeigandi augnhlífar ef efninu er úðað eða það borið á með þrýstitækjum.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hendur:* | Hlífðarkrem má nota til að verja óvarða húð. Berið kremið ekki á eftir snertingu við efnið. |
| *Fyrir húð:* | Viðeigandi hlífðarfatnaður úr bómull eða gerfiefnum. |
| *Hreinlæti við vinnu:* | Farið úr fötum sem mengast af efninu og þvoið líkamshluta sem komast í snertingu við efnið með vatni og sápu. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. |
| *Umhverfið:* | Hindrið að efnið berist í niðurföll eða vatn í umhverfinu. |

**9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.**

| | |
|---|---|
| *Ástand / útlit / lykt:* | Hálf-fast efni, feiti / koparlitur / olíulykt |
| *Sýrustig (pH):* | - |
| *Suðumark:* | - |
| *Bræðslumark:* | - |
| *Rennslismark:* | - |
| *Blossamark:* | - |
| *Sprengimörk; neðri - efri:* | - |
| *Gufuþrýstingur:* | - |
| *Rokgjörn lífræn efni (VOC):* | - |
| *Fast efni, hlutfall af þunga:* | - |
| *Seigja:* | - |
| *Eðlisþyngd:* | 1298 kg/m3 við 15°C |
| *Leysni:* | Leysist ekki í vatni. Leysist í alifatískum kolvetnum |
| *Deilistuðull, n-oktanól/vatn:* | - |

**10. Stöðugleiki og hvarfgirni.**

| | |
|---|---|
| *Stöðugleiki:* | Stöðugt. |
| *Aðstæður sem skal forðast:* | Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju. |
| *Efni sem skal varast:* | Oxunarmiðlar, sterkir basar og sterkar sýrur. |
| *Hættuleg niðurbrotsefni:* | Við niðurbrot vegna hita geta myndast m.a. reykur og kolmónoxíð. |

**11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.**

| | |
|---|---|
| *Almennt:* | Engar upplýsingar liggja fyrir um vöruna sjálfa. |
| *Helstu áhrifaleiðir:* | Húð, innöndun, inntaka. |
| *Áhrif við innöndun:* | Mikill styrkur olíuúða getur valdið ertingu og einnig altækum áhrifum vegna upptöku í blóð. |
| *Í snertingu við húð:* | Endurtekin eða viðvarandi snerting þurrkar húðina og getur valdið ertingu og húðbólgu. Einnig sáramyndun sem getur leitt til illkynja vefjabreytinga. |
| *Í snertingu við augu:* | Getur valdið ertingu og tímabundnum skaða. |
| *Við inntöku:* | Erting í munni, hálsi og meltingarfærum, uppköst, kviðverkir. Umtalsvert magn getur valdið syfju og lungnabjúg og einnig altækum áhrifum vegna upptöku í blóð. |
| *Bráð eiturhrif:* | - |
| *Áhrif á miðtaugakerfi:* | - |
| *Langtímaáhrif:* | - |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar.

*Dreifing/afdrif:* Engar upplýsingar liggja fyrir um vöruna.

*Líffræðileg áhrif:* -

*Önnur skaðleg áhrif:* -

*Annað:* Látið efnið ekki berast í niðurföll, vatnsfarvegi eða jarðveg þar sem það getur spillt vatni.

## 13. Förgun.

*Förgun vörunnar:* Endurvinnið ef hægt er eða fargið á öruggann hátt og í samræmi við kröfur á hverjum stað.

*Úrgangsflokkun:* -

*Förgun umbúða:* Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

*Reglur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 184/2002, reglug. 738/2003.*

## 14. Flutningur.

Varan fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi.

*Flutningur á landi:* -

*Flutningur á sjó:* -

*Flutningur í lofti:* -

*Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.*

## 15. Umbúðamerkingar og upplýsingar um reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

*Varnaðarmerkingar skv. reglugerð nr. 750/2008 (REACH) með síðari breytingum:*

*Varnaðarmerki:* -

*Inniheldur:* -

*H - setningar:* -
*V - setningar:* V46 Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

*Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:*
Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

## 16. Aðrar upplýsingar.

*Gert þann:* 11.04.2012 *Dagsetning frumrits:* 01.06.2007

*Útgáfa:* 1,0 *Breyttir liðir:* -

*Gert fyrir:* SINDRI, Bæjarhraun 12 Hafnarfjörður, Viðarhöfði 6 Reykjavík, sími 575 0000
www.sindri.is

*Unnið af:* EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, http://efnavernd.is / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í lið 3:*
-

*Annað:* Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá ACTION CAN Ltd., Haydock, St. Helens, England WA11 9SF.